

Mál nr. 65/2018

**M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartrygginga bifreiðanna
A og B**

Árekstur á bifreiðastæði við Borgartún í Reykjavík 12.1.2018

Gögn.

Málskot móttakið 15.2. 2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-6.
Bréf V, dags. 6.2.2018.

Málsatvik.

Árekstur varð á bifreiðastæði við Borgartún í Reykjavík. Ökumaður A segist hafa verið að bakka úr stöðureit þegar B var ekið hratt, gegn einstefnu, fyrir aftan A og árekstur orðið. Ökumaður B segist hafa ekið inn á bifreiðastæðið og verið kominn vel inn á það þegar ökumaður A hafi bakkað úr stöðureit.

Álit.

Hvorugur ökumaður gætti nægjanlegrar varkárni í aðdraganda árekstursins. Ökumanni A bar að athuga allar aðstæður vel áður en hann bakkaði út úr stöðureit, en það gerði ökumaður A ekki nægjanlega vel og ber því sök á árekstrinum. Ökumaður B ók gegn markaðri akstursstefnu án þess að gæta nægjanlegrar varúðar, en honum mátti vera ljóst að bifreiðar sem aka frá stöðureit gefa fyrst og fremst gaum að umferð í samræmi við akstursstefnu á umferðarsvæði. Ökumaður B ber því einnig sök á árekstrinum. Við mat á sakarskiptingu þykja ekki efni til að leggja meiri sök á annan ökumann umfram hinn og ber því hvor ökumaður um sig helming sakar.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga milli A og B

Reykjavík 17.4. 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður

Jón Magnússon lögmaður